

# Reglur Þingeyjarsveitar um leikskóladvöl og kostnaðarpáttöku vegna barna utan lögheimilissveitarfélags

## 1. gr. Almennt

Þingeyjarsveit býður börnum með lögheimili í sveitarfélaginu leikskóladvöl í sveitarfélaginu, í samræmi við reglur og gjaldskrá.

Í undantekningartilvikum er unnt að óska eftir að Þingeyjarsveit greiði tímabundna leikskóladvöl fyrir barn með lögheimili í Þingeyjarsveit í öðru sveitarfélagi.

Í undantekningartilvikum geta börn sem ekki eru með lögheimili í Þingeyjarsveit fengið tímabundna leikskóladvöl í sveitarfélaginu.

Beiðni skv. 2. og 3. mgr. skal beint til fræðslu- og velferðarnefndar, sem metur umsókn skv. reglum þessum og mælir með afgreiðslu við sveitarstjórn.

Hver og ein umsókn skal metin sérstaklega með hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi og afstaða tekin á málefnalegan hátt. Hafa skal í huga að um undantekningu er að ræða frá þeirri meginreglu að barn sækir leikskóla í því sveitarfélagi sem lögheimili þess er.

## 2. gr. Umsókn um kostnaðarpáttöku

Umsókn um kostnaðarpáttöku Þingeyjarsveitar vegna tímabundinnar leikskóladvölar barns í öðru sveitarfélagi skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

*Efirtalin gögn skulu fylgja umsókn:*

- Greinargerð um ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Þar skal einnig koma fram hvað sótt er um til langs tíma.
- Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi þar sem leikskóladvöl viðkomandi barns er samþykkt.

Fræðslu- og velferðarnefnd og sveitarstjóra er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og /eða foreldra/forráðamanna.

## 3. gr. Afgreiðsla umsókna um kostnaðarpáttöku

Beiðni um kostnaðarpáttöku getur m.a. grundvallast á eftirfarandi ástæðum:

- Að barn flytji í Þingeyjarsveit, en foreldrar/forráðamenn óska eftir að barnið sækir tímabundið leikskóla í sveitarfélaginu þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
- Mjög sérstökum aðstæðum barns eða foreldris/forráðamanns.

Grundvallist umsóknin á a. eða b. lið 1. mgr. og fræðslu- og velferðarnefnd telji rétt að mæla með samþykki hennar skal samþykkið þó ekki vera til lengri tíma en sex mánaða. Við sérstakar aðstæður

og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er heimilt að framlengja fyrra samþykki.

#### **4. gr.**

##### **Umsókn um tímabundna leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi**

Umsókn um tímabundna leikskóladvöl barns sem ekki á lögheimili í Þingeyjarsveit, skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

Umsókn skal fylgja greinargerð um ástæður umsóknarinnar og þar skal m.a. koma fram hvað sótt er um til langs tíma.

Fræðslu- og velferðarnefnd er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og /eða foreldra/forráðamanna.

#### **5. gr.**

##### **Afgreiðsla umsókna um tímabundna leikskóladvöl í Þingeyjarsveit**

Að jafnaði skal samþykkja beiðni um tímabundna leikskóladvöl ef ástæður eru eftirfarandi, en þó skal haft í huga að um undantekningu er að ræða:

- a) Að barn flytji úr Þingeyjarsveit, en foreldrar/forráðamenn óska eftir að barnið sækji áfram, í fyrirfram ákveðinn tíma, leikskóla í Þingeyjarsveit.
- b) Samþykkið skal þó ekki vera til lengri tíma en sex mánaða. Við sérstakar aðstæður og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er heimilt að framlengja fyrra samþykki.

Samþykki Þingeyjarsveitar á því að samþykkja leikskóladvöl barns, með lögheimili í öðru sveitarfélagi er ávallt bundið skilyrði að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki kostnaðarþáttöku.

#### **6. gr.**

##### **Samkomulag um greiðslur**

Þegar heimild er veitt til kostnaðarþáttöku eða leikskóladvalar, skal semja um greiðslur við viðkomandi sveitarfélag. Miðað skal við viðmiðunargjaldskrá sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett, en sú gjaldskrá tekur breytingum árlega.

Ef Þingeyjarsveit tekur að sér með reglubundnum hætti að vista börn annars sveitarfélags eða ef börn sem lögheimili eiga í Þingeyjarsveit eru vistuð með reglubundnum hætt í tilteknum leikskóla í öðru sveitarfélagi, skal sérstaklega samið um greiðslur vegna þess á milli sveitarfélaga.

#### **7. gr.**

##### **Synjun umsókna**

Unnt er að kæra synjun umsókna til ráðuneytis sveitarstjórnarmál á grundvelli 1. mgr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum. Kæra skal berast innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um synjunina.

*Samþykkt á 8. fundi fræðslu- og velferðarnefndar þann 15. mars 2023.*

*Staðfest á 21. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 23. mars 2023.*